

Fundargerð

18. fundur svæðisráðs um strandsvæðisskipulag á Austfjörðum
11. apríl 2024 klukkan 13.00 í gegnum Teams fjarfundarbúnað

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ), Friðfinnur Skaftason (FS), Hjalti Jón Guðmundsson (HJG), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH) og Jón Björn Hákonarson (JBH).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ), og Guðrún Jensdóttir (GJ) sem ritaði fundargerð.

Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG) og Þuríður Lillý Sigurðardóttir (PLS) voru fjarverandi.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Fréttir að Austan af málefnum strandsvæðisskipulags.

Fulltrúar svæðisráðs gerðu grein fyrir fréttum að Austan, um framkvæmd skipulagsins og fleira. Nýr svæðisráðsliði sem tilnefndur er af Múlaþingi, ÍKH, kynnti sig.

2. Kæra Farfuglaheimilisins Haföldunnar ehf og fl. gegn íslenska ríkisinu og úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur.

EAÁ gerði grein fyrir meginefni kæru farfuglaheimilisins Haföldunnar ehf og fl. gegn íslenska ríkisinu og afstöðu Skipulagsstofnunar gagnvart henni. Í kærinni er m.a. gerð krafa um að Strandsvæðisskipulag Austfjarða verði fellt úr gildi eða (varakrafa) um að kafli 6.3.1. ásamt öllum reitum staðbundinnar nýtingar (SN) falli úr gildi í skipulaginu.

Skipulagsstofnun veitti umsögn um bæði formhlið stefnunnar og efnishlið. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur vísað málinu frá dómi. Stefnendur hafa kært úrskurð dómsins til Landsréttar.

Svæðisráð mun fylgjast með þróun málsins, en mun ekkert aðhafast frekar að sinni.

3. Framfylgd á áherslu um samræmda vöktun á strandsvæðum.

Í kafla 7.2 í staðfestu strandsvæðisskipulagi er lögð áhersla á umhverfisvöktun, og að undirbyggja þurfi „samræmda áætlun um rannsóknir og reglulega vöktun lykilbreyta til að treysta í framkvæmd vistkerfisnálgun á skipulagssvæðinu og tryggja jafnframt framkvæmd áætlunarinnar [...]“

Ákveðið er að senda bréf til þeirra stofnana sem þetta ákvæði varðar til að minna á áherslu strandsvæðisskipulagsins um heildstæða vöktun. Hlutaðeigandi stofnanir eru Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknarstofnun og Umhverfisstofnun.

4. Mótvægisáðgerðir vegna vitageira - staða mála.

Rætt um stöðu ferla vegna mótvægisáðgerða varðandi vitageira og minnisblað Vegagerðar dags. 17. janúar 2024, um áhættumat siglinga. Vegagerðin metur, á grundvelli áhættumats, hvort og hvaða mótvægisáðgerðir séu nauðsynlegar til þess að tryggja öryggi siglinga, og

kostnaðarmetur þær mótvægisáðgerðir sem fela í sér ný eða breytt leiðarmerki. Kostnaður vegna breytinga fellur á umsækjanda.

Svæðisráð ákveður að senda bréf til innviðaráðuneytis til að minna á framfylgd mótvægisáðgerða sem lagðar voru fram í vinnu starfshóps um öryggi siglinga.

5. Önnur mál.

MJ ræðir um tíðni funda svæðisráðs, en reglugerð kveður á um að funda þurfi að jafnaði eigi sjaldnar en þrisvar á ári. Skipuleggja þurfi efni þeirra funda.

Efni næsta fundar geti verið eftirfarandi:

- Umræður um endurskoðun laga um skipulag haf- og strandsvæða. Svæðisráð skoði veikleika og hvaða lærdóm megi draga af fyrri vinnu og hvort þörf sé á úrbótum.

Stefnt verður að næsta fundi svæðisráðs aðra vikuna í júní.

Ákveðið var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira var ekki rætt. Fundi var slitið kl. 14:15.